

## 198. Willum Þór Þórsson (Hovedindlæg)

Virðulegi forseti og kærur norrænu félagar. Ég fæ þann heiður að tala síðastur samstarfsráðherra í þessari umræðu en ég hef gegnt þessu embætti hér fyrir kollega minn í ríkisstjórn í tæpar tvær vikur. Að sama skapi er bara mjög ánægjulegt að fá að vera með ykkur hér vegna þess að norrænt samstarf, og þær áherslur og viðfangsefni sem við höfum rætt hér í dag m.a., er Íslandi mjög mikilvægt. Því er forgangsraðað mjög hátt af hálfu stjórnvalda og það er eftirsóknarvert að vera virkur þátttakandi í þessu samstarfi.

Ég vil líka lýsa ánægju minni yfir því hversu gott og uppbyggilegt samstarfið við Norðurlandaráð hefur augljóslega verið við gerð og mótun samstarfsáætlana ráðherranefnda. Þær voru nýlega birtar og taka gildi 2025 en hafa verið í vinnslu hér í tæp tvö ár. Ísland lagði á það mikla áherslu sem formennskuríki þegar vinnan hófst árið 2023 að vera í virku samtali og samvinnu við Norðurlandaráð við gerð þeirra sem og frjáls félagasamtök og aðra hagaðila. Ísland metur framlögin mikils og ég vil nota tækifærið hér og þakka fyrir þessa vinnu. Það er trú mín að þessi vandaði undirbúningur og tenging muni skila sér í samstilltu átaki okkar við brýn og mikilvæg verkefni fram undan. Það endurspeglast í samstarfsáætlunum að verkefnin eru ærin og brýn samfélagsleg mál. Þessi framtíðarsýn um samþætt sjálfbært svæði er mjög sterk og saman erum við sterkari og þetta gefur okkur einhvern veginn þetta samhengi fyrir samstarfið.

Ég vil aðeins minnst hér á nokkrar áherslur, áherslumál Íslands. Í fyrsta lagi: Raddir barna og ungmenna eru mjög mikilvægar og voru í forgrunni í okkar formennsku, og jafnrétti og hinsegin málefni. Við horfum til þess að útrýma kynbundnum launamun. Það þarf að leggja áherslu áfram á þá

---

vinnu og þá höfum við lagt sérstaka áherslu á lífsskilyrði trans fólks á vinnumarkaði sem er einn viðkvæmasti hópurinn innan hinsegin samfélagsins. Hér hefur verið mikið komið inn á inngildingu, sem ég vil nefna, og við styðjum heils hugar afnám stjórnsýsluhindrana og einkum á stafræna sviðinu trúi ég að við getum náð betri árangri.

Svo vil ég að lokum nefna hér samstarf í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi og tók þátt í því með fagraðherrum að leggja áherslu á það. Við höfum þegar hér á Íslandi, í samvinnu við umhverfisstjórnendur og matvælaráðgjafa, sett saman stefnu stjórnvalda hér á Íslandi.

Að koma saman og eiga þetta samtal skiptir okkur mjög miklu máli og ég vil að lokum þakka fyrir þessa vinnu og við verðum svo sannarlega sterkari saman. Takk fyrir.

## **Skandinavisk översättning**

Ärade president, kära nordiska vänner! Jag har äran att vara den sista samarbetsministern att ta ordet i den här debatten. Jag tog över rollen som samarbetsminister från min ministerkollega för knappt två veckor sedan. Det är också ett nöje för mig att få möjligheten att delta i denna sammankomst, eftersom nordiskt samarbete, däribland de prioriteringar och utmaningar som vi har diskuterat här i dag, är mycket viktigt för Island. Det är ett område som regeringen prioriterar mycket högt, och det är eftersträvansvärt att vara en aktiv deltagare i detta samarbete.

Jag är också mycket nöjd med hur bra och konstruktivt samarbetet med Nordiska rådet uppenbarligen har varit när det gäller utformandet av de olika ministerrådens samarbetsprogram. Dessa program, som precis har publicerats, börjar gälla 2025 men har varit under förberedelse i knappt två år. När det arbetet inleddes 2023 lade Island som ordförandeland stor vikt vid aktiv dialog och samarbete om programmen med Nordiska rådet, civilsamhället och andra intressenter. Island uppskattar alla bidrag från dessa aktörer, och jag skulle vilja använda det här tillfället för att tacka för

---

deras arbete. Jag är säker på att dessa goda förberedelser och kontakter kommer att leda till en koordinerad insats från vår sida för att ta itu med de brådskande och viktiga uppgifter som väntar. Samarbetsprogrammen återspeglar det faktum att det hela handlar om övergripande och angelägna samhällsliga frågor. Visionen om en integrerad och hållbar region är mycket stark, och vi är starkare ihop, och detta är på sätt och vis sammanhanget för vårt samarbete.

Jag skulle kortfattat vilja nämna några av Islands prioriteringar. För det första: Det är mycket viktigt att lyssna till barns och ungas röster och detta har varit i fokus under vårt ordförandeskap, tillsammans med jämställdhets- och hbtqi-frågor. Vi strävar för att eliminera könsrelaterade löneskillnader. Det är ett arbete som måste fortsätta att prioriteras, och vi har lagt särskild vikt vid att förbättra villkoren för transpersoner på arbetsmarknaden, i och med att det handlar om en av de mest utsatta hbtqi-grupperna. Man har här mycket diskuterat inkludering, som jag också vill nämna, och vi stöder fullt ut arbetet med att avlägsna gränshinder, och särskilt på det digitala området är jag säker på att vi kan uppnå bättre resultat.

Till slut vill jag nämna samarbetet om bekämpning av antibiotikaresistens, som jag hjälpte sätta fokus på tillsammans med ministrarna för de relevanta områdena. På Island finns redan en strategi, utformad i samråd med ministrarna för miljö- och livsmedelsfrågor.

Att träffas och samtala på detta sätt är mycket viktigt för oss, och jag skulle vilja avsluta med att tacka för detta arbete; tillsammans är vi utan tvivel starkare. Tack för ordet.

Information

Tal nummer

198

Typ

Hovedindlæg

Person

[Willum Þór Þórsson](#)

Status

Waiting for transcription

Datum

30.10.24 16:00